



## Erindisbréf hafnar- og skipulagsnefndar

### I. Stjórnskipuleg staða og skipan

#### 1. gr.

Hafnar- og skipulagsnefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málaflokka sem henni eru falin. Sveitarstjóri starfar með nefndinni og ber hann ásamt byggingar- skipulagsfulltrúa ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

#### 2. gr.

Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar; Skagastrandarhöfn og embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Nefndin fjallar einnig um samgöngumál almennt og umferðamál.

#### 3. gr.

Í hafnar- og skipulagsnefnd eiga sæti fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sem sveitarstjórn kýs til fjölgurra ára að afloknun sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

#### 4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi á rétt til setu á fundum nefndarinnar svo og starfsmaður hafnarinnar þegar málefni sem varða rekstur hafnarinnar eru til umfjöllunar.

#### 5. gr.

Sveitarstjórn skipar formann og varaformann en nefndin kýs ritara á fyrsta fundi sínum.

### II. Hlutverk nefndarinnar

#### 6. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að fara með:

- hafnamál skv. hafnalögum nr. 61/2003 og hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarhöfn.
- samgöngumál almennt í sveitarfélagini og umferðarmál skv. lögum 77/2019.
- skipulagmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010
- byggingarmál skv. ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010
- málefni sem varða náttúrverndarlög nr. 60/2013.
- heilbrigðismál samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
- eftirlit með því að ákvæði laga á verksviði nefndarinnar séu haldin,

#### 7. gr.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.



## SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Samþykktir og erindisbréf

### Gildistaka

#### 8. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 12. október 2022 og fellur fyrra kjörbréf úr gildi samhlíða.



Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar